



Reykjavík 22. september 2023

Kt.: 420369-1749

Nafn: Langanesbyggð

Efni: Leiðrétt fasteignamat 2024 fyrir íbúðarhúsnæði á jörðum

Ágæti fasteignaeigandi

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tilkynnir hér með að stofnunin hefur leiðrétt áður tilkynnt fasteignamat 2024 fyrir íbúðarhúsnæði á jörðum.

Í pósthólfi þínu á Ísland.is er að finna nýja tilkynningu um skráningu og mat fasteignarinnar vegna leiðréttingar á fasteignamati eignarinnar fyrir árið 2024.

Leiðréttingin fór fram á grundvelli 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1997 vegna misritunar eða annarrar bersýnilegrar villu í skráningargögnum. Við yfirferð og innra eftirlit hjá stofnuninni kom í ljós reiknings-skekkja sem fólst í því að við útreikning fasteignamats íbúðarhúsa á jörðum var notast við áhrif lóðar-stærðar eins og um hefðbundið íbúðarhús væri að ræða. Leiðréttingin fólst í því að taka út fyrrgreind áhrif lóðarstærðar, enda hefur ekki verið stuðst við slík áhrif þegar fasteignamat íbúðarhúsa á jörðum hefur verið reiknað. Vakin er athygli á því að villa þessi, sem nú hefur verið leiðrétt, hafði eingöngu áhrif á fyrirhugað fasteignamat sem tekur gildi 31. desember 2023.

Unnt er að beiðast rökstuðnings fyrir ákvörðun þessari. Skal beiðni berast Húsnæðis- og mannvirkja-stofnun innan 14 daga frá móttöku hennar, sbr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 6/2001 má kæra umrædda ákvörðun um endurmat til yfirfasteignamatsnefndar, enda sé kæran studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Kærufrestur er þrír mánuðir sbr. 27. gr. stjórnsýslu-laga nr. 37/1993. Heimilisfang nefndarinnar er Sölvhólsgata 7, 101 Reykjavík.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa valdið.

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,

Lárus Sigurðsson,

teymisstjóri fasteignamats og markaðsupplýsinga.